

Nemendastýrð foreldrasamtöl

Ábyrgðarskóli verkefnis: Hofsstaðaskóli

Verkefnisstjóri/Þátttakendur:

Margrét Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri verkefnisstjóri/Tuttugu og þrír umsjónarkennarar tóku þátt

Skólastig: Yngsta- og miðstig grunnskóla

Markmið

- Að virkja nemendur í að hafa áhrif á sitt nám
- Að nemendur þjálfist í að greina styrkleika sín
- Að skapa jákvæð tengsl á milli kennara og nemenda
- Að styrkja námsvitund og sjálfstæði nemenda
- Að nemendur meti eigin líðan, og stöðu sína bæði náms- og félagslega
- Að auka þátttöku nemenda í ákvarðanatöku
- Að efla öryggi kennara í nýjum vinnubrögðum
- Að styrkja samskipti kennara og nemenda
- Að styrkja samskipti heimilis og skóla

Lýsing á framgangi verkefnisins

Verkefnisstjóri og 23 umsjónarkennara voru þátttakendur í próunarverkefninu. Allir umsjónarkennarar í 1. bekk, einn af fjórum í 2. bekk, tveir af þremur í 3. bekk, allir í 4. bekk og allir í 5. til 7. bekk. Einn umsjónarkennari í 5. bekk og einn í 6. bekk forfölluðust í janúar og voru því ekki nemendastýrð samtöl þar nema að litlum hluta í 5. bekk. Verkefnisstjóri var með kynningarfund í byrjun september fyrir alla þátttakendur þar sem hann sýndi myndbönd af nemendastýrðu samtali á leikskólastigi, yngra stigi og miðstigi. Verkefnisstjóri kynnti nokkrar vefsíður þar sem upplýsingar voru um nemendastýrð samtöl. Hann fann til nokkrar greinar um nemendastýrð samtöl og útteildi til kennara og var samlestur og ígrundun hjá þátttakendum.

Verkefnisstjóri hélt nokkra sameiginlega fundi þar sem allir þátttakendur voru mættir, í kjölfarið hitti hann svo hvern árgang og fór betur yfir hvernig þeirra

útfærsla yrði á hvoru viðtali fyrir sig. Ákveðið var m.a. hvernig samtalið yrði kynnt nemendum, form á samtalinu, hvernig það yrði undirbúið með nemendum og hvaða upplýsingar færu til forráðamanna. Hver árgangur/umsjónarkennari gerði lýsingu á því hvernig samtalinu var fylgt eftir. Kennarinn hélt svo utan um skráningar og skipulag verkefnisins í samvinnu við hvern nemanda.

Verkefnisstjóri lagði fyrir nokkrar tillögur að könnun til að senda foreldrum í kjölfar samtalanna. Hann lagði einnig til spurningar til nemenda í kjölfar samtalsins. Sameiginleg ákvörðun var svo tekin um val á spurningum. Verkefnisstjóri setti upp könnunina og sendi á alla forráðamenn og fylgdi niðurstöðunum eftir.

Hann fór í innlit í a.m.k. eina kennslustund til allra umsjónarkennara við undirbúning viðtalsins ásamt nemendum þeirra. Í kjölfar innlitsins ígrunduðu verkefnisstjóri og umsjónarkennari hvað gekk vel og hvað hefði betur mátt fara. Í lok mars var svo kynning á fagfundi þar sem umsjónarkennarar hvers árgangs sýndu útfærslur og áherslur. Öll gögn eru komin á sameiginlegt svæði aðgengileg þeim umsjónarkennurum sem taka við árgöngunum á næsta ári.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Frá upphafi voru 23 umsjónarkennarar sem tóku þátt, tveir forfölluðust í janúar og voru því ekki með eða í mjög takmarkaðri mynd með nemendastýrð samtöl í febrúar. Sameiginleg ákvörðun var tekin um að umsjónarkennarar leggðu könnun fyrir nemendur 5. til 7. bekkjar, það voru eingöngu umsjónarkennarar í þremur af fjórum 6. bekkja sem lögðu könnunina fyrir nemendur.

Mat á verkefninu

Hugmyndavinnan tók töluverðan tíma í byrjun verkefnisins. Ferlið tók um fimm vikur fyrir fyrra samtalið og þrjár vikur fyrir seinna samtalið. Verkefnisstjóri var í virku samtali við alla þátttakendur og sá um að ákveðið samræmi væri í samtölunum og að ákveðin framvinda væri í samtölunum á milli árganga. Það tókst vel og mátti greina vel á kynningardegnum þegar allir árgangar kynntu verkefnið, þá sást greinilega ákveðin framvinda og sérkenni hvers árgangs. Það teljum við mikilvægt til þess að ekki sé verið að endurtaka það sama frá fyrsta og upp í sjöunda bekk.

Eftir bæði fyrra og seinna samtalið var send könnun á alla forráðamenn þeirra nemenda sem tóku þátt í nemendastýrðu samtali.

Lagðar voru fyrir þrjár spurningar þar sem hakað var við *sammála, ekki viss* eða *ósammála*:

Spurning 1: Mér fannst ég fá góðar upplýsingar um líðan barnsins?

Spurning 2: Mér fannst ég fá góða innsýn í nám barnsins?

Spurning 3: Mér fannst barnið mitt vera meiri þátttakandi í þessu viðtali en þeim sem verið hafa.

Að lokum var opin spurning: Viltu koma einhverju á framfæri?

Niðurstaða úr öllum árgöngum var afgerandi jákvæð.

Könnun var send á nemendur í 6. bekk.

Spurning 1: Mér fannst ég fá nægan tíma til að undirbúa samtalið? 89,7% voru sammála, 7,4% voru ekki vissir og 2,9% ósammála.

Spurning 2: Mér leið vel í samtalinu? 83,8% voru sammála, og 16,2% var ekki viss.

Mér fannst skemmtilegra að fá að stýra sjálfur samtalinu? 51,5% voru sammála, 32,4% voru ekki viss og 16,2% voru ósammála.

Í lokin var svo könnun send á alla umsjónarkennara skólans bæði þá sem tóku þátt í verkefninu og þá sem ekki voru þátttakendur. Af 27 umsjónarkennurum við skólann þá voru 24 sem tóku þátt í könnuninni.

Spurning 1: Ég vil hafa bæði samtölin nemendastýrð að hausti og vori. 87,5 % eða 21 sögðu já og 12,5% eða 3 sögðu nei.

Spurning 2: Ég vil hafa nemendastýrt að hausti og kennarastýrt að vori. Sama tala kom þar upp 87,5% sögðu já og 12,5% sögðu nei.

Spurning 3: Ég vil hafa kennarastýrt að hausti og nemendastýrt að vori. 100% sögðu nei.

Niðurstaða könnunarinnar er afgerandi, allir vilja halda áfram að vera með nemendastýrð samtöl og 87,5% vilja hafa bæði samtölin nemendastýrð. Það er því ljóst að þessu formi verður framhaldið á næsta ári og verða bæði samtölin í öllum árgöngum nemendastýrð.

Lokaorð

Við teljum verkefnið hafa heppnast einstaklega vel. Það efldi samskipti kennara, nemenda og foreldra. Markmiðum sem nemendur settu sér var fylgt eftir á milli samtala og eftir seinna samtalið þannig að þeim var fylgt eftir áfram inn í kennsluna. Þetta efldi sjálfstæði og þátttöku nemenda og gaf þeim rödd, hver nemandi fékk einstaklingssamtal við kennara sinn og töldu kennararnir það afar mikilvægt til að auka öryggi nemenda og að finna að á þá væri hlustað. Þeir fengu endurgjöf á eigin vangaveltur varðandi nám og samskipti.

Þróunarverkefnið efldi einnig lýðræði meðal kennara þar sem þeir að lokum ákváðu hvort þessu formi yrði framhaldið á næsta ári. Allir kennarar fengu tækifæri til að svara könnuninni og svöruðu 24 af 27 kennurum henni. Niðurstaðan var afgerandi.

Kynningar á verkefninu

Verkefnið var kynnt í mars fyrir fagfólki og stjórnendum í Hofsstaðaskóla. Á Fagfundi grunnskólanna í Garðabæ í febrúar í kynntu kennarar einnig í flestum árgöngum nemendastýrðu samtölin og deildu verkefnum og útfærslum til hinna skólanna í bænum. Verkefnið verður svo kynnt á menntadeginum í Garðabæ haustið 2024.

Heildarupphæð styrks: 2.400.000

Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
5.apríl 2024	Laun	2.400.000,-

Garðabæ 8. apríl 2024,

Margrét Einarsdóttir, verkefnastjóri

Hafdís Bára Kristmundsdóttir, skólastjóri